

# Netnotkun II

*Þjónustu- og afþreyingarvefir,  
vefverslanir og fjölmiðlar á netinu*




*Til góðra verka!*

## Fjölmíðlar á netinu

Margir fréttamiðlar eru farnir að birta bæði hljóð og myndir á netinu. Hægt er að hlusta á útsendingar útvarpsstöðva og upptökur af efni með því að fara á vefi þessarar miðla og smella á þar til gerða tengla. Gæta þarf þess að kveikt sé á hátölurum tölvunnar og í sumum tilfellum þarf ákveðinn hugbúnaður að vera fyrir hendi í tölvunni til að tæknin virki. Þeir stærstu hérlendis eru:

- **Ruv.is** - þar er að finna bæði vefsjónvarp og vefútvarp, upptökur af fréttum og ýmsum dagskrárliðum.
- **Visir.is** - fréttavefur þar sem finna má útsendingar fréttaeftis Stöðvar 2 og Bylgjunnar.
- **Mbl.is** - vefur Morgunblaðsins, en þar eru bæði textafréttir og fréttamyndir.

Töluverður fjöldi smærri og gjarnan staðbundinna fréttamiðla eru einnig með fréttavefi.



### Efni sótt á vefinn

Á netinu liggur urmull efnis á ýmsum síðum sem hægt er að sækja, skoða, hlusta á eða horfa á allt eftir eðli efnisins.

- Ef þú sérð t.d. ljósmynd sem þig langar að sækja, geturðu hægri-smellt á hana og valið **“Save picture as”** og vistað hana inn á tölvuna þína.
- Ef þú finnur tengil sem opnar pdf-skjal, geturðu hægri smellt á tengilinn og valið **“Save target as”** og vistað skjalið inn á tölvuna þína.
- Allan texta er hægt að afrita og líma inn í textaforrit.
- Ýmis forrit er hægt að sækja á vefinn og setja upp í sínum eigin tölvum. Mjög oft eru þetta sýnishorn eða reynsluútgáfur (**trial versions**), sem læsast eftir ákveðinn tíma eða tiltekinn fjölda opnana.

Til eru sérstakir vefir þar sem fólk getur sótt sér stutt myndbrot og tónlistarefni. Margt af þessu er varið með höfundarrétti og þarf að greiða fyrir en víða má finna ókeypis efni sem öllum er frjálst að nýta. Víða eru sérstakir hnappar til að sækja tiltekið efni og eru þeir gjarnan merktir með orðinu **“Download”**.



## Að bóka flug

Mörg flugfélög eru með góða bókunarvefi og þægilegt að geta séð laus sæti, verð og ferðatíma á einum stað. Á vefnum [www.flugfelag.is](http://www.flugfelag.is) er bókunarvél fyrir innanlandsflug.

- Þú velur brottfararstað, áfangastað, brottfarardag og heimkomudag, - ef bóka á báðar leiðir - og svo fjölda farþega.
- Þessar upplýsingar eru sendar áfram og til baka færðu lista yfir flugferðir, brottfarartíma og verð miðað við valdar dagsættingar.
- Ferðir eru valdar með því að smella í reiti og smellt á áfram. Þá birtast upplýsingar um þína ferð, beðið er um staðfestingu á skilmálum félagsins og smellt áfram.
- Næst þarf að fylla inn upplýsingar um farþega, greiðanda og greiðslukort.
- Þegar þær upplýsingar hafa verið slegnar inn og staðfestar, kemur til baka staðfesting og bókunarnúmer sem nauðsynlegt er að hafa þegar kemur að innritun.
- Best er að prenta staðfestinguna út og hafa hana með sér í ferðina.




## Skattaskýrslan

Á síðustu árum hefur verið að byggjast upp vefur sem gerir mönnum kleift að gera skattaskýrsluna sína á netinu. Slóðin á þann vef er [www.rsk.is](http://www.rsk.is). Þar er hægt að sækja ýmis eyðublöð, sækja um vefaðgang og eftir að sá aðgangur hefur verið opnaður, hægt að gera skattaskýrslur og skila þeim, fylgjast með álagningu gjalda o.s.frv. Þar sem þessi vefur er í sífelldri þróun, verður ekki farið nánar í efni hans.

## Heimabankar

Heimabankar eða einkabankar eru mikið notaðir hérlendis, enda þægilegt að geta séð um fjármálin gegnum tölvuna. Til þess að fá aðgang að þessari þjónustu, þarftu að hafa samband við þinn viðskiptabanka og sækja um þjónustuna.

Einfaldast er að fara í útibúið og sækja um þar, en einnig er hægt að sækja um þess þjónustu á heimasíðum bankanna. Þú þarf samt alltaf að fara í bankann, framvísa persónuskilríkjum, skrifa undir samning og fá afhentan öryggislykil. Bankarnir eru flestir með á vefnum og í bæklingum góðar leiðbeiningar um notkunina og því einfaldast að biðja slíkt um leið og sótt er um þjónustuna.




## Þjónustuvefir

Mörg fyrirtæki eru með þjónustuvefi fyrir sína viðskiptavini. Síminn er dæmi um slíkt. Þar geturðu fengið aðgang að þínum upplýsingum, fylgst með notkun þeirra síma sem skráðir eru á þig, netnotkun og annari þjónustu. Ýmis önnur fyrirtæki bjóða viðskiptavinum upp á þjónustu af svipuðu tagi. Því er sjálfsagt að spyrja þá aðila sem þú ert í viðskiptum við, hvaða þjónustu þeir bjóði upp á gegnum netið.

## Vefverslanir

Víða á netinu er hægt að kaupa vöru og þjónustu. Í langflestum tilvikum er beðið um kreditkortanúmer. Fara þarf varlega í öll netviðskipti og best að nota aðrar leiðir, ef þú ert ekki viss um að aðilinn sem skipt er við, sé ábyggilegur.



Flestar vefverslanir eru byggðar upp á þann hátt að þú skoðar vöruna á netinu, ef þú ætlar að kaupa hana seturðu hana í "körfu", sem þú getur svo bætt fleiri vörum í eða hætt við ef svo ber undir. Þegar þú hefur endanlega ákveðið að kaupa það sem í körfunni er, þarftu að greiða. Í flestum tilfellum er það gert með kreditkorti, en sumar vefverslanir bjóða einnig upp á að millifæra greiðslur inn á reikning.

Ákveðin trygging er í því að prenta út afrit af pöntuninni og greiðslukvittun, ef afhending vörunnar skyldi misfarast.

## Blogg—hvað er það ?

Blogg er nýyrði sem er komið af enska orðinu "Weblog", sem þýðir vefskráning eða vefdagbók. Þar geta einstaklingar búið til sínar eigin síður og skráð og birt efni eins og þá lystir. Margir aðilar bjóða upp á ókeypis bloggssíður, bæði innlendir og erlendir en einnig eru síður sem selja þessa þjónustu. Sumar eru tengdar ákveðnum hópum, s.s. börnum, áhugamálum eða fjölmíðlum. Moggabloggið er hvað vinsælast af innlendum aðilum, en af erlendum síðum má nefna [www.blogger.com](http://www.blogger.com). Yfirleitt eru góðar leiðbeiningar á þessum síðum og hægt að stofna sína eigin síðu á nokkrum mínútum.



*Til góðra verka!*